



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 1. desember 2016

R16120006

Borgarráð

Sævarhöfði, afsal á lóðarhluta úr landi Faxaflóahafna.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi afsal Faxaflóahafna á lóðarhluta samtals 2.315 fermetra úr landi Sævarhöfða til Reykjavíkurborgar.

Greinargerð: Samþykkt deiliskipulag fyrir mörk hafnarsvæðis við Sævarhöfða sýna borgarland og land Björgunar, nú í eigu ÞG verktaka, stærra en þinglýst lóðarréttindi kveða á um. Til þess að færa lóðamörk til samræmis við sýnd lóðarmörk skv. samþykktu deiliskipulagi þarf að koma til afsal á hluta af landi Faxaflóahafna. Faxaflóahafnir sömdu við ÞG verktaka um kaup á hluta þess lands sem sameinast munu þeirra lóðum. Reykjavíkurborg þarf ekki að greiða fyrir þá lóð sem verður lögð undir götur (1.116 ferm.).

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Afsal á lóðarhluta úr Sævarhöfða dags. 1.12.2016 ásamt uppdrætti.

AFSAL

á lóðarhluta úr landi Sævarhöfða, landnúmer 110504.

Afsalgjafi er Faxaflóahafnir sf., kt. 530269-7529, Tryggvagötu 17, Reykjavík. Afsalshafi er Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborg - eignasjóðs, kt. 570480-0149.

1. gr.

Afsalgjafi afsalar til afsalshafa landi, samtals 2.315 m², sem sýnt er með rauðum lit á fylgiskjali (uppdráttur landupplýsingardeildar Reykjavíkurborgar, dags. 21.11.2016) sem telst hluti samnings þessa.

Hið afsalaða land er hluti af eignarlóð Faxaflóahafna sf. að Sævarhöfða 33, Reykjavík, en með afsali hans er lóðarhlutinn færður undir gildandi deiliskipulag.

Ráðstöfun og skipting á lóðarhlutanum er með eftirfarandi hætti:

- a) 723 m² munu sameinast lóð með landnúmerið 216248, Tangarbryggja 2-4.
- b) 476 m² munu sameinast lóð með landnúmerið 186176, Tangarbryggja 6-12 og Naustabryggja 31-33.
- c) 1.116 m² munu fara undir borgarland með landnúmerið 221447, sem lagt verður undir tvær götur, annars vegar Naustabryggju og hins vegar Tangabryggju.

2. gr.

Land það sem afsalað er telst afhent við undirritun afsals þessa. Ekki fer fram hefðbundið lögskilauppgjör vegna skatta eða gjalda. Hið afsalaða land er án veðbanda og kvaða.

3. gr.

Malarmön sem liggur á mörkum lóðarinnar Sævarhöfði 33 og Tangabryggju er áfram í eigu Faxaflóahafna sf. og skal standa óhreyfð þar til malarefnið verður flutt í landfyllingu utan Sævarhöfða 33 í samræmi við samninga Faxaflóahafna sf. og Björgunar ehf. þar að lútandi.

4. gr.

Afsalshafi greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld af samningi þessum.


Reykjavík, 1. desember 2016

F.h. Faxaflóahafna sf. samkvæmt
skv. samþykkt stjórnar 11.11.2016




Gísli Gíslason hafnarstjóri


F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara um
samþykki borgarráðs




Dagur P. Einarsson kt. 190672-5739




Vottar að rétttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:




kt.



kt.



kt.




kt.


Uppdráttur Reykjavík, 1:750 (A3)

0 10 20 30 40 50m

Land sem Reykjavíkurborg kaupir af Faxafloahöfnum vegna Bryggjuhverfis

 Land sem borgin kaupir: 2315 m²

Umhverfis- og skipulagssvið
Landupplýsingadeild
21. 11. 2016.



Handwritten blue initials/signature